

Mál nr. 281/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis: (A) og (B).

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. ágúst 2025, ásamt fylgigögnum.
2. Athugasemdir V1, dags. 9. september 2025.
3. Athugasemdir V2, dags. 19. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis frá 16. júlí 2025 kemur fram að bæði A, en eigandi hennar er M, og B hafi í aðdraganda árekstursins verið ekið austur Kársnesbraut að hringtorgi við Nýbýlaveg. A hafi verið ekið inn í innri hring og B í ytri hring. Þegar A var ekið út á fyrsta útakstri hringtorgins, austur Nýbýlaveg, hafi árekstur orðið með A og B. Ökumaður B hafi ætlað út á öðrum útakstri hringtorgsins, norður Kringlumýrarbraut. V2 skipti sök til helminga á milli A og B. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu.

Í málskoti er byggt á því að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum. M vísar til 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í ákvæðinu komi fram að ökumanni beri einungis að velja hægri akrein í hringtorgi þegar ökumaður hyggst aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir innakstur. Það hafi ekki verið raunin í tilfalli M þar sem M hafi ætlað út á öðrum gatnamótum hringtorgins. M hafi því verði rétt staðsettur í innri hring hringtorgsins. Þessi túlkun fái skýra stoð í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 290/2021.

Í athugasemdum V1 er byggt á því að ökumaður B ber alla sök á árekstrinum. Ökumanni B hafi borið að veita allri umferð úr innri hring forgang við akstur úr hringtorginu í samræmi við 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Því til stuðnings vísar V1 til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 71/2022. Til umfjöllunar í því máli hafi verið árekstur við sama hringtorg. Í niðurstöðu komi fram, að þó útakstur sé bannaður með umferðarmerkjum við Dalbrekku, verði 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga ekki túlkaður þannig að ökumaður sem ók innri akrein hringtorgsins frá Kársnesbraut og út Nýbýlaveg, hefði frekar átt að velja ytri hring í stað þess innri. Þrátt fyrir að gatnamót við Dalbrekku heimili eingöngu akstur inn í hringtorgið en ekki út úr því, skoðist þau samt sem áður sem gatnamót í skilningi fyrrgreinds 2. málsl. Að því virtu telur V1 ljóst að M hafi hagað akstri sínum í samræmi við ákvæði umferðarlaga og beri þannig ekki sök á þeim árekstri sem varð á milli bifreiðanna í umrætt sinn. V1 telur því að tjón á A sé að rekja til notkunar B og skuli því bætt úr ábyrgðartryggingu hennar í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Í athugasemdum V2 er byggt á að sök á árekstrinum skuli skipt milli og A og B til helminga. M hafi ekki sýnt nægjanlega aðgæslu þegar hann ók út úr hringtorginu í umrætt sinn og er vísað til framburðar M í skýrslu Aðstoðar og öryggis. Í framburðinum komi fram að M hafi verið í óvissu um aksturshegðun B og hefði mögulega getað forðað árekstrinum með meiri aðgæslu eða með því að tryggja að útakstursleiðin væri örugg. Jafnframt hefði verði óheimilt að skipta um akrein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi, M hefði borið að tryggja að slík skipting væri örugg. Í flóknum umferðaraðstæðum í hringtorgum sé sök oft skipt milli ökumanna. Til stuðnings afstöðu sinni vísar V2 til 4. og 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 290/2021.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Í 5. gr. sömu laga segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í málinu er deilt um hvernig sök skuli skipt milli ökumanna A og B vegna áreksturs 16. júlí 2025. M og V1 byggja á því að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum.

V2 byggir á því að M hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu í aðdraganda árekstursins þegar hann ók út úr hringtorginu í umrætt sinn og því beri að skipta sök til helminga á milli aðila.

Umrætt hringtorg er fjögurra arma en einn armurinn, þ.e. frá Dalbrekku, er einungis til innaksturs í hringtorgið og armurinn að Kringlumýrarbraut er einungis ætlaður til útaksturs úr hringtorginu. Ökumenn sem aka inn á hringtorgið frá Kársnesbraut verða að aka fram hjá arminum frá Dalbrekku áður en kemur að fyrsta útakstri hringtorgsins um Nýbýlaveg og svo öðrum útakstri að Kringlumýrarbraut.

Óumdeilt er í málinu að áreksturinn varð á öðrum gatnamótum hringtorgsins eftir innakstur A og B en þeim fyrstu þar sem útakstur er mögulegur. M ók í innri hring hringtorgsins, fram hjá fyrstu gatnamótum og hugðist aka út úr hringtorginu á öðrum gatnamótum. Í 2. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir: „Í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skal ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum.“ Nefndin telur að þar sem M hugðist aka út úr hringtorginu á öðrum gatnamótum, þ.e. á fyrstu gatnamótum þar sem útakstur var heimill, hafi háttsemi hans ekki falið í sér brot á framangreindu ákvæði enda er þar skýrt tekið fram að reglan miðast við útakstur á fyrstu gatnamótum. Nefndin telur, með vísan í orðalag ákvæðisins um útakstur á fyrstu gatnamótum, að þar sé ekki átt við fyrstu gatnamót þar sem útakstur er heimill heldur fyrstu gatnamót án tillits til þess hvort útakstur er þar heimill eða ekki. Ökumaður B ók í ytri hring fram hjá fyrstu gatnamótum og hugðist aka út á þriðju gatnamótum hringtorgsins. Ökumaður B veitti ekki umferð um innri hring forgang við akstur úr hringtorginu líkt og honum bar samkvæmt 3. málsl. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Nefndin telur ósannað að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi í umrætt sinn. Ökutæki M hafi verið rétt staðsett við innakstur í hringtorgið og í því sjálfu og jafnframt við útakstur.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat nefndarinnar að B beri alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

M á rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 vegna tjóns á A.

Reykjavík, 12. maí 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir